

GJALDSKRÁ

leikskólans Krakkaborgar í Flóahreppi.

1. gr. Vistunargjöld.

Vistunargjöld eru eftirfarandi:	
Kjarnatími frá kl. 8.00-14.00	180 kr./pr. klst.
Gjald frá kl. 14.00-15.00	350 kr./pr. klst.
Gjald frá kl. 15.00-16.00	400 kr./pr. klst.
Gjald frá kl. 7.45-8.00	112 kr./pr. korter
Gjald frá kl. 16.00-16.15	112 kr./pr. korter
Gjald fyrir vistun umfram umsaminn vistunartíma	2.250 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur

20% álag er lagt á öll vistunargjöld nemenda á yngstu deild leikskólans.

Forráðamenn greiða vistunargjald frá þeim tíma sem nemandi er skráður í leikskólann. Þó nemandi nýti ekki skráðan leikskólatíma vegna orlofs, veikinda eða annarra aðstæðna greiðist fullt vistunargjald. Undanþágu vegna sérstakra aðstæðna má sækja um til leikskólastjóra, sem metur hverja umsókn fyrir sig.

Ef forráðamenn skulda leikskólagjöld fyrir þrjá mánuði eða meira, er heimilt að segja leikskóla-dvöl nemanda upp og setja skuldina í innheimtu.

2. gr. Fæðisgjald.

Fæðisgjald fyrir hvert barn er eftirfarandi:	
Morgunhressing	97 kr./dag
Hádegisverður	304 kr./dag
Nónhressing	97 kr./dag

Heimilt er að fella fæðisgjald niður vegna langvarandi fjarveru nemanda og er þá miðað við 10 virka daga.

3. gr. Aflsláttir.

Aflsláttur vegna forgangshópa er eftirfarandi:	
Forgangshópar	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi

Forgangsgjald er greiðsla fyrir öryrkja, börn einstæðra foreldra og börn námsmanna, séu báðir eða annað foreldri í fullu námi. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að fólk framvísi vottorði frá Tryggingastofnun, sýslumanni eða innritunavottorði/námsvottorði frá skóla í upphafi hverrar annar. Hefji einstætt foreldri sambúð, skal það greiða hærra gjald strax og sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð, skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og kemur þá til lækkunar á gjaldi.

Aflsláttur vegna systkina er eftirfarandi:	
Systkinaaflsláttur með öðru barni	30% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi
Systkinaaflsláttur með þriðja barni	100% af vistunargjöldum, ekki fæðisgjaldi

Systkinaaflsláttur reiknast af dvalargjaldi vegna gjaldskyldu fyrir eldri systkini. Ekki er veittur systkinaaflsláttur af fæðisgjaldi.

Ekki er hægt að fá bæði forgangsaflslátt og systkinaaflslátt. Hærri aflsláttur gildir. Aflsláttur er ekki veittur afturvirkur.

4. gr.

Gjaldskráin er endurskoðuð tvisvar á ári miðað við breytingar á vísitölu neystluverðs eða 1. febrúar og 1. ágúst ár hvert og verður fyrst endurskoðuð 1. febrúar 2024.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 4. júlí 2023 er sett með stoð í 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og öðlast þegar gildi.

Þingborg, 5. júlí 2023.

Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 19. júlí 2023